

04.03.2024

23339

Dreifing
Skipulagsstofnun
> Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Hildur Kristjánsdóttir, ON

Tílefni

Matsskyldufyrirspurn: Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun

Viðbrögð ON við umsögnum

1 Viðbrögð ON við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 18. janúar til 19. febrúar 2024. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá sex aðilum og bærust umsagnir frá öllum þeirra. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum ON

Umsagnaraðili	Viðbrögð ON
Orkustofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Náttúrufræðistofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Grímsnes- og Grafningshreppur	Ekki þörf á viðbrögðum
Minjastofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3
Umhverfisstofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.4

1.1 Orkustofnun

Í umsögn segir:

„Nýting á Nesjavöllum hófst fyrir gildistöku ofangreindra laga og var ekki gerð krafa í lögnum um að sótt yrði um nýtingarleyfi fyrir nýtingu sem var þegar hafin. Orkustofnun hefur því litið svo á að nýtingaraðilar hafi ígildi nýtingarleyfis fyrir þá nýtingu sem var hafin þegar löggin tóku gildi. Ljóst er að nýting á Nesjavöllum hefur aukist síðan þá, enda var virkjunin stækkuð eftir þann tíma, og Orka náttúrunnar sótti um nýtingarleyfi fyrir nokkru síðan en það leyfi var ekki gefið út. Orkustofnun hefur hvatt Orku náttúrunnar til að sækja um að nýju en hefur ekki borist ný umsókn þegar þessi umsögn er rituð. Í ljósi þessa er eftirlit Orkustofnunar með nýtingu á Nesjavöllum takmarkaðra en æskilegt er skv. lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, og nýtingunni hefur ekki verið settar skorður og skilyrði eins og ætlast er til að gert sé með nýtingarleyfi.

Skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Virkjunarleyfi Nesjavallavirkjunar, dags. 16. febrúar 2004 var gefið út af iðnaðarráðuneytinu þegar virkjunin var stækkuð í 120 MW, áður en leyfisveitingarvaldið færðist til Orkustofnunar. Í því leyfi er einnig hvatt til þess að sótt verði um nýtingarleyfi á jarðhita og grunnvatni í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem þá höfðu tekið gildi.“

Viðbrögð ON: Unnið er að því að sækja um nýtingarleyfi fyrir Nesjavallavirkjun í samræmi við ábendingar Orkustofnunar og verður það gert seinna á árinu, 2024.

1.2 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Í umsögn segir:

„Embættið metið málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. Viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Embættið bendir hins vegar á að í nágrenni framkvæmdarinnar er hótél og afþreyingarstarfsemi og beinir því til framkvæmdaraðila að lágmarka sem framast er unnt hávaða frá framkvæmdinni sem getur borist til og valdið gestum á svæðinu ónæði og óþægindum. Jafnframt skal framkvæmdaraðili setja í viðbragðsáætlanir vegna mögulega aukinnar brennisteinsvetnismengunar í tengslum við jarðborunina að senda viðvörðun á nærliggjandi hótél og afþreyingarstarfsemi, séu líkur á að mengunin geti haft neikvæð áhrif á gesti og starfsmenn þeirra.“

Viðbrögð ON: ON mun setja það inn í viðbragðsáætlanir og senda viðvörðun á nærliggjandi hótél og afþreyingarstarfsemi ef brennisteinsmengun, í tengslum við boranirnar, er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á gesti og starfsmenn þeirra.

1.3 Minjastofnun Íslands

Í umsögn segir:

„Bora á holu NJ-34 næsta sumar. Í vor hefst skráning fornleifa á skipulagssvæði Nesjavallavirkjunar á vettvangi. Minjastofnun telur að setja þurfi í forgang að skoða framkvæmdarsvæði borholu NJ-34 þannig að ef svo ólíklega vill til að fornleifar séu í hættu vegna borunarinnar þá komi það í ljós strax í vor. Tilkynna þarf Minjastofnun um niðurstöður skráningar á svæðinu. Stofnunin mun þá ákveða hvort þörf er á að grípa til mótvægisáðgerða og hverjar þær skuli vera.“

Viðbrögð ON: ON mun tilkynna til Minjastofnunar hvort fornleifar finnast á vettvangi við framkvæmdarsvæði NJ-34 við skráningu í vor.

1.4 Umhverfisstofnun

Í umsögn segir:

„Mikilvægt er að vinna markvisst áfram að þeim mótvægisáðgerðum og að vakta áhrif starfseminnar á vatnshlotin sem hún kann að hafa áhrif á. Einnig skal huga vel að eftirliti með losun skolvatnsins í fráveitu og að virkni sandskilja og pyttis fyrir skiljuvatnið sé sem skyldi.“

Viðbrögð ON: ON tekur undir með mikilvægi þess að vinna áfram að mótvægisáðgerðum og vöktun á vatnsvernd og vatnshlot. Eftirlit verður með losun skolvatns í fráveitu og virkni sandskilja og pyttis.